

**Nr. 007 / 15 Tjaldanes GK 525****Ásigling á bryggju og skipverji slasast**

Skipaskr.nr. 0239 IMO nr. 6410128  
Smíðaður: Florö Noregi 1964, stál  
Stærð: 196 brl. 290 bt.  
Mesta lengd: 34,09 m Skráð lengd: 30,10 m  
Breidd: 7,20 m Dýpt: 6,15 m  
Vél: Mirrlees Blackstone 486 kW, 1979  
Fjöldi skipverja: 9



Tjaldanes©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 20. janúar 2015 var Tjaldanes GK 525 að kom til hafnar í Grindavík. Veður: SA 6-9 m/sek.

Þegar skipið var komið inn í höfnina og skipstjóri fór að vinna með stjórnök festist skrufuskurðurinn í fullri ferð afturábak án þess að við var ráðið. Hann reyndi að kúpla út gírnum með rofa í stjórnborði en hann virkaði ekki og skipið fór á skrið afturábak.

Yfirvélstjórinn, sem ekki var staddur í vélarúminu, fór strax niður og stöðvaði vélina en í þann mund rakst skipið harkalega með skutinn í bryggjuna. Við höggið kastaðist yfirvélstjórinn illa til í vélarúminu, rakst utan í og rotaðist.

Skipverjum tókst að koma upp landfestum og binda skipið en slasaði var fluttur með sjúkrabíl til læknis.

Talsverðar skemmdir urðu á skut skipsins (*sjá mynd*).



Skemmdirnar á Tjaldanes©Lögreglan

***Við rannsókn kom fram:***

- að gormur í stjórn tökum í brú hafði brotnað og varð til þess að skipstjórinn gat ekki kúplað og slegið út gírnum;
- að vandamál hafði verið viðvarandi með gírinn og hafði skrúfubúnaðurinn átt það til að festast í annað hvort áfram eða afturábak stillingu. Þrátt fyrir að skipt var um gorm í stjórn tökunum hélt þetta vandamál áfram en hann gerði það að verkum að skipstjóri gat slegið út gírnum;
- að mikil leit var gerð að þessari bilun í gírnum og var skipið m.a. tekið í slipp en ekkert fannst athugasvert við öxul eða skrúfuna sjálfa. Of kostnaðarsamt þótti að taka sjálfan gírinn í sundur og var ákveðið að leggja skipinu;
- að skipverjinn reyndist ekki hafa slasast alvarlega þrátt fyrir talsverða byltu.

***Nefndarálit:***

Nefndin telur ástæðu atviksins vera bilun í stjórn búnaði skipsins.

Nefndin telur óviðunandi að skipið hafi verið í notkun með svona mikilvægan búnað í ólagi.